

## **1203029 - Deiliskipulag á Látrabjargi.**

Á 5. fundi Skipulags-og umhverfisráðs 19.janúar 2015 var fjallað um athugasemdir þær sem bárust við tillögu að deiliskipulagi Látrabyggðar sem auglýst var með athugasemdafresti til 26. maí 2014. Um er að ræða aðra umræðu um athugasemdirnar.

Breytingar sem gerðar hafa verið til að koma til móts við athugasemdir eru ekki þess eðlis að þörf reynist að endurauglýsa deiliskipulagið skv. 4. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagstillagan verði samþykkt sbr. 41. gr. skipulagslaga og verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar sbr. 42. gr. laganna. Niðurstaða bæjarstjórnar verði auglýst. Jafnframt verði þeim sem athugasemdir gerðu send umsögn og afgreiðsla þeirra eins og hún kemur fram hér að neðan.

Eftirfarandi er afgreiðsla ráðsins við athugasemdum þeim sem bárust:

### **Eftirfarandi athugasemdir og ábendingar bárust á auglýsingatíma:**

**Við fyrri auglýsingu frá 24. febrúar til 8. apríl 2014.**

1. **Sverrir Þorvaldsson, dags. 8. apríl 2014.**
2. **Kristinn Guðmundsson o.fl., dags. 7. apríl 2014.**
3. **Kristinn Guðmundsson o.fl., dags. 7. apríl 2014.**
4. **Sigurberg Guðjónsson Lögmannsstofa, dags 7. apríl 2014.**
5. **Stjórn Ferðamálfélags V-Barð, dags. 9. apríl 2014.**
6. **Jón og Sveinn Pétursson, dags. 6. apríl 2014.**
7. **Steinunn Kristjánsdóttir, dags. 4. apríl 2014.**
8. **Marie Legatelois, dags. 5. apríl 2014.**
9. **Mariás Sveinsson, dags. 9. febrúar 2014.**

**Við seinni auglýsingu frá 11. apríl til 26. maí 2014.**

1. **Gísli Már Gíslason, dags. 11. apríl 2014.**
2. **Sigurður H. Valtysson fyrir hönd Systkinafélags Heimabæjar, dags. 25. maí 2014.**
3. **Jón Pétursson, dags. 26. maí 2014.**
4. **Borgar Þórisson, dags. 26. maí 2014.**

<b>Sverrir Þorvaldsson, dags. 8. apríl 2014</b>	
<b>ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR:</b>	<b>VIÐBRÖGÐ</b>
<i>Tillagan ætti að sýna við færslu vegarins og afleiddar aðgerðir, s.s. aflagningu vegar meðfram Gilinu og nýjan veg um Mýrarpart.</i>	Á sérupprætti S-3 kemur fram hvaða vegir eru nýir og hvaða vegir eru lagðir niður.
<i>...allt land á Hvallátrum, nema skipt ræktað land, er óskipt sameign og verður því að vera samstaða um allar ákvæðanir sem binda landeigendur. Fulltrúar þessir, eða félagið Bjargtangar, hafa ekki haft umboð frá öllum landeigendum til að binda þá.</i>	Sveitarfélagið Vesturbyggð ber ábyrgð á skipulagsferlinu.

<p>Athugasemd gerð við að þrjú ný hús í efri hluta Miðbæjarlands. Hvergi annars eru svona mörg hús sett svona þétt....í engu samræmi við „hóflega uppbyggingu í anda þorpsins“. Þvert á móti er um ágenga uppbyggingu að ræða sem mun gefa ásýnd ferðapjónustuhúsa, eða vinnustaðabústaða, sem standa gjarnan þétt og endurspeglar það aðra hagsmuni en þá að njóta friðsældar á stað sem á sér sögu. Þetta er í mótsögn við forsögn deiliskipulagsins.</p> <p>Rangt sé að bessir reitir séu ósk landeigenda. Gerð er full krafa um að ekki sé vísað til vilja landeigenda með slíkum hætti nema að það sé full sátt þeirra á meðal. Lagt er til að reitir 4 og 5 verði felldir út. Á móti verða settir reitir sunnan Sæbóls.</p>	<p>Stærð lóðar í Miðbæ gefur tilefni til að vera með þrjú hús til viðbótar. Í deiliskipulaginu hefur verið horft til þess þéttleika sem finna má á Húsabæ, en einnig standa hús nokkuð þétt á lóðum Heimabæjar og Sæbóls. Húsin verða væntanlega af ýmsum stærðum og gerðum og munu ekki mynda beinar raðir eða reglulegar þyrpingar, eins og oft gerist með hefðbundin ferðapjónustuhús og vinnustaðabústaði. Með því að hafa þéttara á milli húsa er hagkvæmni einnig aukin í uppbyggingarkostnaði, s.s. lagnaleiðum.</p> <p>Fallist er á að orðalag sé óskýrt, hér er átt við meirihluta landeigenda Miðbæjar. Þeir hafa frá upphafi deiliskipulagsvinnu óskað þess að geta byggt nálægt gamla bæjarstæði Miðbæjar.</p>
<p>Ný vegtenging um Mýrarpart skerðir óásættanlega mikið land Miðbæjar. Lagt er til að vegtenging liggi meðfram landamerkjum við Sæból. Ef þess er enginn kostur, þarf vegstæðið að vera töluvert sunnar til að eyðileggja ekki land Miðbæjar. Skárra að vegurinn liggi frá hlykk á aðkomuvegi þvert yfir Mýrarpartinn og inn á sk. Kúagötu til NA í framhaldi sömu línu og tengjast á sama stað og tillagan, vestan við Tvídægru.</p> <p>Einnig má gera ráð fyrir að vegtengingin næði alla leið að Örlygshafnarvegi eftir veglinu Kúagötu, og þá þurfi þá ekki að fara yfir Mýrarpart. Algert skilyrði fyrir aðgengi um pennan hluta Miðbæjarlands er að engar kvaðir verði annað aðgengi eða viðhald núverandi slóða um það sem kallað er „Miðbæjarland lóð 1“.</p>	<p>Komið verður til móts við athugasemd með færslu á vegi. Ný lega er að mestu fyrir ofan Mýrarpartinn, sjá upprátt S-2.</p>
<p>Vegarstæði nýs Örlygshafnarvegar tekur of stóran fleyg úr grónu landi.. þarf að liggja meira þvers frá Fellum að Rifi. Kanna hvort vegstæði aðeins norðar væri heppilegra, suður fyrir Helgubúfu en á hrygg um granda niður að rifi.</p>	<p>Athugasemd var borin undir Vegagerðina og aðrar leiðir skoðaðar. Hönnunumferð tillögu er áætluð 200 bílar á dag, miðað er við árið 2035, þ.e. umferð eftir 20 ár. Miðað við sívaxandi ferðamannastraum og áhuga ferðamanna innlendara sem erlendra á Látrabjargi er áætlunin líklega íhaldssöm. Í annan stað lengist ferðavertíðin ár frá ári og því hefur Vegagerðin horft til umferðar og umferðaröryggis allt árið en ekki eingöngu til sumarumferðar. Vegurinn er hannaður miðað við að á malarvegum er 80 km/klst hámarkshraði. Í ljósi þessa hraða miðar Vegagerðin, í sínum hönnunarreglum, við 7% hámarkslanghalla. Í hönnunarreglum er jafnframt lögð áhersla á að huga að eins litlum langhalla og kostur er en þó hafa hliðsjón af umhverfinu og kostnaði. Bent er á að slysahætta eykst hratt sé bratti umfram 6,0-6,5%. Langhalli skipulagstillögu er 6,3%. Ef vegstæðið flyst norðar þannig að vegurinn fari skarpar niður</p>

	<p>sunnan við Helgubúfu mun langhallinn vera um 13,5 %. Með hönnunarreglur og viðmiðanir í huga er brattinn í þeirri tillögum óviðunandi.</p>
<p><i>EKKI RÉTT FARIÐ MEÐ LANDAMERKI Í DEILISKIPULAGSTILLÖGUNNI OG GERÐUR FYRIRVARI UM AÐ LANDAMERKI SÉU FÆRD RÉTT INN. UPPDRÆTTIR SEM FYLGBAÐI FÖLGJISKJAL EN Í UNDIRBÚNINGI TILLÖGUNNAR LÁ BESSI UPPDRÄTTUR TIL GRUNDVALLAR, EN ÞVÍ HEFUR NÚ VERIÐ BREYTT ÁN BESSI AÐ SKÝRING SÉ GEFIN Á ÞVÍ.... SÉRSTAÐLEGA ER BENT Á AÐ LANDAMERKI MIÐBÆJAR VIÐ HEIMABAÐ 2-LÓÐ 1 HAFNA VERIÐ FÆRD TÖLUVERT INN Á MIÐBÆJARLAND. ÞAU ERU ÞVÍ RANGLEGA STAÐSETT Á TEIKNINGUNUM. EINNIG ER GERÐ ATHUGASEMD VIÐ AÐ Á TEIKNINGAR VANTAR AÐ GERA GREIN FYRIR REIT SEM TILHEYRIR MIÐBÆ OG ER NORÐAN GILS SEM GÚSTUBÆR STENDUR Á.</i></p>	<p>Á uppdrætti verður gerður fyrirvari um landamerki, en áhöld eru um nákvæma legu landamerka á nokkrum stöðum. Einungis hefur verið stuðst við þinglýst gögn frá sýslumanni. Við gerð lóðablaða mun þurfa að skera frekar úr um bessi atriði. Ef ósamræmi er á milli lóðablaða og skipulags þá gilda lóðablöð.</p>
<p><i>SAMKVÆMT SKJALFESTRI SAMBYKKIT JARÐARNEFDAR FRÁ SEPTEMBER 1980 TILHEYRIR SUMARHÚSI Á MIÐBÆ (ÓLAFUR ÁRNASON OG ÞORVALDUR BÚASON), LÓÐ UPP Á A.M.K. 2500 M2. DEILISKIPULAGIÐ TAKI TILLIT TIL ÞEIRRAR STAÐREYNDAR OG HEIMILD SÉ TIL BYGGINGARMAGNS Á SLÍKRI LÓÐ SEM ER EKKI SÍÐRA EN TILHEYRIR NÝJUM BYGGINGARREITUM SEM SETTIR HAFNA VERIÐ INN.</i></p>	<p>Við gerð deiliskipulagsins var stuðst við þau skjöl sem fundust þinglýst hjá sýslumanni.</p> <p>Deiliskipulagið gerir ráð fyrir möguleika á að núverandi hús get stækkað í allt að 95 m<sup>2</sup> (heild) og á það einnig við um umrætt hús.</p>
<p><i>GERÐ ER ATHUGASEMD VIÐ VEGSTÆÐI Á BRUNNUM, ALTOF MIÐIÐ LAND TEKIÐ UNDIR VEGSTÆÐI OG BÍLASTÆÐI, SKÝRINGAR UM ÞÖRFINA Á STÆRD EKKI NÆGAR Í DEILISKIPULAGI. BYGGINGARREIT FYRIR ÞJÓNUSTUHÚSI MÓTMÆLT.</i></p>	<p>Veghönnun er eftir veghönnunarstöðum Vegagerðarinnar. Stærð bílastæðis er til þess að mæta þörfum vegna ferðamanna sem ferðast um svæðið í dag og í framtíðinni. Núverandi bílastæði er of lítið sem skapar hættu á að ekið verði of nálægt minjum. Ekki er talið aeskilegt að hafa færri stæði þar sem Brunnar eru eini staðurinn með salernisaðstöðu á stóru svæði.</p> <p>Þörf er á bygginingarreit fyrir núverandi þjónustuhús og bygginingarreitur er hafður rýmri sem gefur möguleika á stækkan fyrir aðstöðu landavarða og/eða stækkan salernisaðstöðu. Þjónustuhús er fært til í samræmi við skipulag.</p>
<p><i>ANDMÆLT ÁNINGARSTAÐ Í VÍKINNÌ VIÐ RÉTT.</i></p>	<p>Talið er heppilegt að útbúa áningarstað meðfram nýjum vegi þar sem gera má ráð fyrir að vegfarendur muni stoppa þegar komið er niður í víkina. Á þessum stað er gott útsýni og skjól.</p>
<p><i>KVAÐIR VERÐI SETTAR INN Í DEILISKIPULAGIÐ TIL VERNDAR BYGGÐINNÍ Á HVALLÁTRUM OG ÁFRAMHALDANDI NÝTINGU HENNAR Í ÞEIM ANDA SEM VERIÐ HEFUR.</i></p> <p>a. Engin ferðaþjónusta af nokkru tagi fari fram í byggðinni, þ.m.t. útleiga húsa, veittur beini, aðgangur að salerni eða önnur þjónusta. Umferð tengd ferðaþjónustu við Látrabjarg ekki beint á heimasvæði Hvallátra eða vegtengingar</p>	<p>Skv. aðalskipulagi eru Hvallátrar skilgreindir sem fristundabyggð.</p> <p>Færsla á vegstæði verður til þess að umferð tengd gestum út á Bjartanga fer ekki lengur í gegnum byggð á Hvallátrum. Vegir við byggðina verða að einkavegum þegar nýr vegur kemst í notkun.</p>

<p>við hana.</p> <p>b. Friðsæld staðarins sé varðveitt, takmarka notkun háværra tækja við eðlilega notkun tengdum framkvæmdum eða hlunnindum. Sífелldur akstur á fjórhjólum ekki heimill á heimasvæðinu.</p> <p>c. Akstur utan vega sé óheimill á svæði, nema í samræmi við hefðbundna nýtingu. Sér í lagi er akstur óheimill á Rifinu og markað skuli hvar farið sé með báta niður í fjöru til sjósetningar.</p>	<p>Lögum skv. er allur akstur utan vega bannaður.</p>
<p>Ferðabjónusta fari aðeins fram í Breiðuvík. Tjaldsvæði við Brunna aflögð. Vegna slysahættu sé ekki veitt þjónusta í vitanum og tengdum mannvirkjum. Einungis upplýsingarskilti á áningarstað á Látrabjargi, engin sala fari þar fram. Þess konar umferð verði beint í Breiðuvík.</p>	<p>Deiliskipulagið fjallar sérstaklega um þessi atriði.</p>
<p>Í kringum Breiðavíkurkirkju verði afmarkaður reitur, 10 m á alla kanta og gerð kvöð um aðgengi að kirkjunni og kirkjugarðinum.</p>	<p>Tekið verður tillit til þessarar athugasemdar og gerð grein fyrir kvöð um aðgengi að kirkju og kirkjugarði í greinargerð.</p>
<p><b>Kristinn Guðmundsson o.fl., dags. 7. apríl 2014 athugasemdir við deiliskipulag Hvallátra. Fylgiskjal Skipt land á Hvallátrum.</b></p>	
<p>Athugasemd við fyrirhugað vegstæði nýs vegar að Látrum og út á Bjartanga. Þegar vegur kemur niður af holtinu utan við Helgubúfu að hann taki stefnu sem beinast og stystu leið niður á grandann á gamla veginn sem lagður var eftir melbrúninni út að Stórákróki.</p>	<p>Vísað er í svar við athugasemd frá Sverri Þorvaldssyni.</p>
<p>Ef vegur er teygður út undir Gömlu rétt þá er þar mun snjóþyngra, þéttasta varpland mófugla í Látralandi og stórt myrlendi.</p>	<p>Þarna vegur á móti að mun auðveldara er að útbúa öruggari veg niður hjá Gömlu rétt með tilliti til langhalla. Einnig er vísað í svar við athugasemd frá Sverri Þorvaldssyni.</p>
<p>Óskað eftir að rætt verði við undirritaða áður en endanleg ákvörðun verður tekin um vegarstæðið.</p>	<p>Það var gert.</p>
<p><b>Kristinn Guðmundsson o.fl., dags. 7. apríl 2014 athugasemdir við deiliskipulag Brunnum.</b></p>	
<p>Andmæli við að vegur við fornminjar verði hróflað við í það minnsta ekki fyrr en einhverjar fornleifarannsóknir hafi verið gerðar á svæðinu. Núverandi bílastæði stingur ekki í stúf við umhverfið. Ekki kemur til greina að grasflót verði skemmd með vegagerð. Ef nauðsynlegt er að stækka bílastæðin verði það norðan við Brunnakrók. Ný mannvirki rísi ekki gegnt hinni formu. Ekki nauðsynlegt að byggja aðstöðu landvarðar á Brunnum.</p>	<p>Allar fornleifar eru friðaðar samkvæmt lögum (nr. 80/2012) og þeim má ekki raska án leyfis frá Minjastofnun Íslands. Engar breytingar verða gerðar nema með samþykki Minjastofnunar Íslands, enda er bannað að raska fornminjum skv. lögum um menningarmínjar (lög nr. 80/2012). Mun stofnunin væntanlega fara fram á fornleifarannsókn á svæðinu og/eða gera kröfur um að vegur og önnur mannvirki verði útfærð þannig að það hafi sem minnst jarðrask í för með sér.</p>

	<p>Færsla vegstæðisins er til þess fallin að minnka rask við tóftir, m.a. vegna bílaumferðar og til að gefa minjastaðnum meira rými.</p> <p>Til að koma til móts við athugasemd hefur bílastæðið verið fært norðar til að sá hluti grasflatar sem er í mestu skjóli geti verið óhreyfður. Með þessu móti hefur bílastæðið verið aðlagað að aðstæðum enn frekar. Ekki þykir heppilegt að færa bílastæðin norðan við Brunnakrók þar sem bílastæði og þjónustuhús væru þá í mun lakari tengslum við minjar og þjónustuhús.</p> <p>Með aðstöðu landvarðar á Brunnum er m.a. átt við aðstöðu fyrir salernisaðföng sem verður að teljast ómissandi.</p>
<b>Sigurberg Guðjónsson Lögmannsstofa, dags 7. apríl 2014.</b>	
Athugsemد 1. Með lokun vegar niður í byggðina er hvergi gert ráð fyrir að komu eigenda að Húsabæ II. Tillögur að úrbótum fylgja. Lagt er til að að viðhalda núverandi vegi upp með gili að Húsabæ II og áfram að Heimabæ 2.	Komið verður til móts við athugasemd. Skrifað verður inn í greinargerð að eigendur Húsabæjar II hafi rétt á afnotum af bílastæðum á lóð Húsabæjar sem og öðrum vegum á landi Hvallátra.
Athugasemd 2. Bent er á að nýr vegur meðfram hlíðinni í gegnum Snjóakistur fer í gegnum fuglavarp hjá a.m.k. 5 tegundum fugla og viðkvæmt myrlendi. Snjóbyngsli á veturna. Gerð er tillaga um að leiða veginn mun fyrr niður að sjó.	Vísað er í svar við athugasemd frá Sverri Þorvaldssyni.
Athugasemd 3. Brunnar áningarstaðir og bílastæði. Þessi tillaga hefur óparfa rask í námunda við tóftir. Áningarstaður getur orðið sjónlyti á annars fallegu svæði. Lagt er til að halda núverandi vegi, hætta við framkvæmdir á bílastæðum, áningarstað og þjónustuskýli.	Vísað er í svar við athugasemd frá Kristni Guðmundssyni.
Bent er á ákvæði 4. mgr. 37. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 þar sem segir, að við gerð deliskipulags í þegar byggðu hverfi skuli með gerð húsakönnuna leggja mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga, sem fyrir eru og að heimilt sé að víkja frá kröfum um framsetningu, sem gerðar eru til deliskipulagsáætlunar í nýrri byggð, og leggja frekar áherslu á almennar reglur um yfirbragð og og varðveislugildi byggðarinna.	Gunnlaugur Björn Jónsson arkitekt gerði húsakönnun á svæðinu árið 2013 og hafa deliskipulagshöfundar haft aðgang að þeirri vinnu í ferlinu.
<b>Stjórn Ferðamálfélags V-Barð, dags. 9. apríl 2014.</b>	
Gerð er athugasemd við að ekki er gert ráð fyrir almenningssalernum né aðstöðu fyrir landverði	Það var ljóst frá upphafi deliskipulagsvinnunnar að landeigendur vildu ekki þesskonar

við nýtt bílastæði við nýtt bílastæði fyrir utan Brunnanúp.	uppbyggingu út á Bjartanga. Í staðinn er aðstaða bætt á Brunnum.
Gert verði ráð fyrir starfsaðstöðu fyrir landverði sem nú þegar hafa tekið til starfa.	Gert er ráð fyrir lágmarksaðstöðu á Brunnum fyrir landverði
Mælt er með því að salernisaðstaða við Brunna verði látin halda sér.	Salernisaðstaða við brunna heldur sér, en hliðrast til í samræmi við breytingu á bílastæði.
Gerð er athugasemd við stærð nýs bílastæðis og rútustæðis fyrir utan Brunnanúp og óskað eftir að gert verði ráð fyrir stærra bílastæði bæði fyrir almenna bíla og rútur.	Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar og umferðatalningu er þessi stærð talin nægjanleg.
<b>Jón Pétursson og Sveinn Pétursson, dags. 6. apríl 2014.</b>	
Athugasemd gerð við nýjan yfir Mýrarpart og lagt til að hann verði annað hvort fyrir ofan Mýrarpartinn eða upp með Sæbóli á landamörkum. Legan klippir í sundur Mýrarpartinn í landi Miðbæjar.	Komið verður til móts við athugasemd með nýri legu á vegi. Ný lega er að mestu fyrir ofan Mýrarpartinn, sjá uppdrátt S-2.
Athugasemd við legu nýja vegarins fyrir ofan þorp og teljum hann eiga að koma niður á gamla vegginn nær þorpinu. Landið sem nú er ætlað undir vegginn er mikil varpland. Einnig mikil snjósöfnun, ófærð á veturna.	Vísað er í svar við athugasemd frá Sverri Þorvaldssyni.
Athugasemd við nýtt vegstæði á Brunnum og lagt til að vegurinn verði óbreyttur, en skeri ekki tjaldstæðið í sundur. Nýtt jarðrask skemmir meira heldur en óbreytt lega vegarins.	Vísað er í svar við athugasemd frá Kristni Guðmundssyni.
Athugasemd við útsýnispalla á Látrabjargi, áberandi lýti á bjarginu.	Tekið verður tillit til athugasemdar. Orðinu útsýnispallar verður skipt út og í staðinn verður notað orðið útsýnisstaður. Áréttáð verður að hönnun og framkvæmdir á útsýnisstöðum skuli taka mið af því að þeir falli sem best að núverandi landi og aðstæðum. Hlutverk þeirra er fyrst og fremst að hlífa landinu og stýra umferð á svæðinu betur með öryggi gesta að leiðarljósi.
Betra væri að sett yrði upp vatnsklósett í Keflavík með rotþró, nóg er af rennandi vatni við hlið skýlissins sem mætti tengja við klósettið.	Tekið er tillit til athugasemdar. Í greinargerð verður ekki tekin afstaða til þess hvers konar klósett yrði sett upp í Keflavík.
<b>Steinunn Kristjánsdóttir, dags. 4. apríl 2014.</b>	
Gerð er athugasemd við tillögu á Brunnum þar sem fyrirhugað er að færa vegginn til, stækka bílastæði og setja upp aðstöðu fyrir landvörð. Best væri að nýta núverandi veg svo komist megi hjá raski á hugsanlegum fornleifum. Að öðrum kosti verður að kanna betur grasflötina með jarðsjá, könnunarskurðum eða uppgreftri	Á Brunnum er óhjákvæmilegt að hafa veg og áningarstað. Þetta getur sett minjar í hættu og hefur sýnt sig að umferð fólks hefur valdið raski á sýnilegum minjum á sl. árum og áratugum. Í deiliskipulaginu er kosið að líta á umferðina sem tækifæri til að gera minjum hátt undir höfði en æskilegt þykir að færa vegginn frá minjunum,

<p>áður en þar verða byggð ný mannvirki og nýr vegur lagður.</p>	<p>bæði til að minnka rask og bílaumferð við vegg- og garðahleðslur en einnig til að gefa sýnilegum minjum meira andrými. Engar slíkar breytingar verða gerðar nema með samþykki Minjastofnunar Íslands, enda er bannað að raska fornminjum skv. lögum um menningarminjar (lög nr. 80/2012). Mun stofnunin væntanlega fara fram á fornleifarannsókn á svæðinu og/eða gera kröfur um að vegur og önnur mannvirki verði útfærð þannig að það hafi sem minnst jarðrask í för með sér.</p>
<p><b>Marie Legatelois, dags. 5. apríl 2014.</b></p>	
<p><i>It is quite debatable that the land-use plan will be achieved before the conservation plan. It seems logical for natural areas that land-use plans should be made on the conservation plan and not the other way around. Moreover, the time allow for data collection, organization and analyze seems very short regarding the general lack of recent and holistic data on environmental features of the area.</i></p>	<p>The land-use plan is being worked very closely with the Environment Agency of Iceland who are responsible for the implementation of the conservation plan. The correct English name for the conservation plan is management plan. In Icelandic it is called verndar- og stjórnunaráætlun. A draft of the management plan is ready, but the Látrabjarg area has not yet been protected as a National Park. All landowners (around 150) have to sign an agreement to establish a National park on their land. When the agreement for the establishment will be done, the management plan will be completed for the park.</p>
<p><i>Even though an environmental impact assessment (EIA) has been conducted, there have been no proper trail impact assessment or tourism impact assessment of Látrabjarg that are primordial to ensure good outcomes of the land-use plan.</i></p>	<p>These assessments will be conducted in the management plan and if the outcome will affect the land-use plan in any way then changes will be made to the land-use plan. (Hákon)</p>
<p><i>Moreover, the EIA of the land-use plan obviously is not really favorable, especially in environmental matters. It is focusing principally on the construction of Hvallátur deviation road and not on the general land-use plan. Moreover, there are signs to suspect a profound lack of data and general positivism in the assumptions made on environmental impacts of the land-use plan.</i></p>	
<p><i>Then, the land-use plan does not present any explanation about the particular material and design of the infrastructures. More importantly, no indications about the potential impact on the environment of each infrastructure in the land-use plan are made. There is no explanation of any kind about why such design or such material has been preferred or is better in regard to environmental, landscape, social and economic</i></p>	

<i>impact minimization.</i>	
<i>This land-use plan also does not fit within the landowner's desire for minimum infrastructure and no change of trails and does not seem to be the best outcome that could have been developed. Indeed, new permanent parking infrastructures, resting areas and trails infrastructures (such as a new trail and viewing areas) are planned. These infrastructures are most likely to dissatisfy tourists coming in Látrabjarg to experience wilderness and preserved environment that is a majority of Látrabjarg tourism.</i>	The new trail is made to decrease the impact on the cliff edge so instead of people walk up and down at the cliff edge, people will walk a circle way. The viewing areas are maid for safety concern. The majority of Látrabjarg tourism is the puffin.
<i>This add to many other signs that the decision of creating Látrabjarg National Park is mainly for economic reasons and not for environmental considerations that are nevertheless the reasons for creating preserved areas. The current planning process missed the opportunities that could have been taken and were expressed at the start of the planning process. These poor planning processes could lead to the failure of the conservation of nature in Látrabjarg and so failure of social and economic elevation of the region that is totally based on the natural capital of the area.</i>	The main reason of creation of a National Park at the Látrabjarg area is to control the negative impact of increasing tourism in the area for environmental concern.
<i>Delay the final decision or at least implementation of the land-use plan. Details and arguments about the choice of design, infrastructures placement, garbage sites and material used in regard to environmental impacts should be added. The land-use plan should only be finalized after the conservation plan (as it was expressed in the planning process schedule). Moreover, this conservation plan should not been made around the land-use plan but the land-use plan should be made around the conservation plan. At a minimum, modifications and feedbacks from the conservation plan should be made in the land-use plan before its implementation.</i>	The municipality decided to start to start on the land use plan before the conservation plan.
<i>Make proper tourism impact assessment before finalizing the land-use plan. A comprehensive methodoloy that could be used is the one developped by Ólafsdóttir and Runnström (see Ólafsdóttir, R., Runnström, M.C. (2009). A GIS approach to evaluating ecological sensitivity for tourism development in fragile environments. A case study in SE Iceland. Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism 9(1), 22-38.).</i>	
<i>Keep in mind the wills of the tourists: the majority of Látrabjarg tourism is based on</i>	Skipulagið snýst um flókna sampættingu sem byggir á sjónarmiðum úr mörgum ólíkum áttum.

<p><i>experiencing wilderness and preserved environment. The current proposed land-use plan is probably not the best option available to satisfy them.</i></p>	<p>Taka þarf tilliti til óska landeigenda, upplifun og þarfir ferðamanna um leið og náttúruvernd er í hávegum höfð. Ferðamannastaði er ekki hægt að reka án innviða og framkvæmda en í deiliskipulaginu er slíkri uppbyggingu halddið í algeru lágmarki um leið og hún stuðlar að aukinni náttúruvernd og virðingu fyrir umhverfinu.</p>
<p><i>When adapted, the recommendations of the national strategy, Góðir Staðir, should be followed in order to enhance the Látrabjarg land-use plan, fulfill national goals and better integrate infrastructure in the landscape. It should be added in the land-use plan details on the reasons about design, material and infrastructure choice considering landscape impacts.</i></p>	<p>“Góðir staðir” er rit sem hugsar fyrst og fremst til hönnunarferlanna. Deiliskipulag er undanfari þessara hönnunarferla, þar sem staðsetning og umfang er ákveðið.</p>
<p><i>Decide between maximizing tourist number and maximizing revenue from tourists. These two approaches require very different land-use strategies.</i></p>	<p>Þetta verður skoðað í friðlýsingarferlinu.</p>
<p><i>Conduct more research on the environment, social and economic of Látrabjarg</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>· Always keep in mind and apply precautionary principles. Current positive assumptions about tourist and infrastructure impacts on the environment are likely to cause degradations, decrease the attractiveness of the site and increase economic, environmental and social costs in the future.</li> <li>· Better apply strong sustainability principles in every planning and management decision to ensure the future of Látrabjarg nature, economy and society.</li> <li>· Better assure proper involvement, respect and empowerment of all stakeholders, particularly landowners, in the planning process and future management of the site.</li> <li>· Develop a long-term conservation strategy or plan in order to secure the coherence in time of the conservation plans.</li> </ul>	
<p><b>Marías Sveinsson, dags. 9. febrúar 2014.</b></p>	
<p>„Í fyrstu vil ég segja þetta! það eru óþoland og ólíðandi vinnubrögð sem bið hafið í frammí, svo ég nefni eitt dæmi, að boða til fundar vestur á Patreksfyrði um há vetur í illviðri og ófærð, til að kynna síðustu tillögur skipulagshóps áður en þær fara fyrir bæjarstjórn til samþykktar og auglýsingar, lýsir því kannski best hvað frekjan og yfргangurinn er mikill, og samráð við eigendur er lítið, þar sem flestir eigendur eru á</p>	<p>Haldinn var sérstakur fundur fyrir landeigendur og hagsmunaaðila í Reykjavík 22.11.2013.</p>

<p>Reykjavíkur svæðinu.“</p> <p>„Við höfum nú séð tillögurnar á netinu, og erum því ekki hissa á að þið hafið ekki viljað sýna okkur þær. Þessi vinnubrögð ykkar eru alveg með ólíkindum, við komum á fund með ykkur, Óskar og Borghildur og báðum um að leiðréttar yrðu rangar teikningar, og að færður yrði til byggingarreitur á milli túnbletta okkar á Hvallátrum sem getið er í bréfunum hér að neðan, í staðin fyrir að vilja hafa það sem rétt er, þá breitið þið fyrri teikningum og setjið byggingarreit ofan á númerandi veg inn í byggðina sem við <b>mótmaeltum</b> að yrði lagður niður.</p> <p><b>NÚ spyrjum við fyrir hverja eruð þið að vinna? Og gefið okkur rökstuðning fyrir þessu. Hreinskilin svör óskast!</b> Alla vega eruð þið ekki að vinna í sått við nema suma smá eigendur, enda valdi Ásthildur þá eignalausan mann í samráðshóp um deiliskipulagið Gísla Má Gíslason, og svo aftur valin eignalausan Sigurð Valtyrssón í einhvern annan hóp, (Sjá umfjöllun hér á eftir), en ekki þá sem eru mest á staðnum og eiga og vita meira.“</p>	<p>Deiliskipulagið er unnið í samráði við landeigendur á svæðinu og hefur farið fram viðtækt samráð sbr fylgiskjal 4.2 í greinargerð. Sveitarfélagið telur að fengin niðurstaða sé í sem mestri sátt við meirihluta landeigenda á svæðinu.</p>
<p>„En sem svar við áður nefndu fyrra bréfi þá verð ég að segja við þig Óskar að þú virðist ekki taka vel eftir, og kannski gleymin líka samanber vinnubrögðin sem lýst er hér að ofan, og þú segir í pósti frá 2 des. að það verður farið vel og vandlega yfir þetta mál, (<b>þess vegna óskum við eftir rökstuðningi af hverju má ekki hafa það sem er rétt og við töluðum um</b>) En reiðin sem ég lýsti í bréfunum hér á undan og þú tókst ekki eftir, en við Gyða erum viss um að við erum að fara með rétt mál, þá kom hún upp er ég spurði? Tengist það því að Heimabæjarfólk á 2 fulltrúa (Gísla og Sigurð) af 3 í nefndini en Húsabær engan, að þeir fá að hafa 3 hús á sínum parti en við bara 2 þó svo eignarhlutirnir væru jafn stórir, og að telkningin væri tillaga frá Sigurði Valtyrssini sem situr í nefndini og ætti að vita betur hvernig partarnir liggja þar sem hann fékk leyfi frá Hrafnkel til að setja niður rotþróna inn á þeirra part eftir athugasemd frá Kristni Guðmundsini um að þau væru búin að setja þróna inn á húsabæjar tún(tvídægru) sem nú er komin inn á Heimabæjar part (<b>sjá vh no 1 og 4</b>). En Borghildur sagði að Sigurður hefði verið settur í nefndina fyrir Húsabæjarjörð að ósk Kristinns , ég hef nú spurt Kristiinn að þessu og kannast hann ekki við þetta, annað hvort segir ósatt! og ef það er Borghildur þá er ekki skrítið að hún beiti fyrir sig reiðini sem við urðum svo óneitanlega vör við, enda vön ýmsu frá þessu skipulags fólk.“</p>	<p>Sveitafélagið Vesturbyggð ber ábyrgð á gerð deiliskipulagsins og farvegi þess.</p>

<p><b><u>Svo hnykkt sé en frekar á mótmælum vegna lokunar veginnars niður í byggðina</u></b> og</p> <p>Borghildur sagði að væri fyrir mikla pressu frá Miðbæjarmönnum, sem mig rennur í grun að séu aðalega Hafliði Árnason og Erlendur Kristjánsson, sem standa fyrir uppbyggingu á hlöðuni og haughúsini sem kallað var svo, og eru að leggja undir sig sameiginlegt land sem húsin og réttin fyrir framan er, en byggingarfulltrúi Vesturbyggðar</p> <p>(Eyvindur) neitaði þeim um leyfi fyrir þessari uppbyggingu á sínum tíma, og sendi bréf til allra landeigenda, (sjá viðh.2 og 3)því þetta væri bara hluti af gripahúsi sem standa átti á milli þessara bygginga en aldrei var byggt, en ekki gert ráð fyrir mannabústað svona beint ofaní veginn, þeir hófu samt framkvæmdir án þess að spryja kóng eða prest. Þess má geta að það var að þeirra Hafliði Halldórsson sem gaf leyfi fyrir vegalagninguni á sínum tíma 1955-6 þá fluttur frá Látrum inn í Örligshöfn, með því forordi að vegagerðarmenn urðuðu leifarnar/bruna rústirnar af Miðbæ sem voru til óprýði á staðnum, enn frekar var vegurinn lagður ofan á það sem við köllum stundum kúagötu slóði sem íbúar notuðu til að fara niður að sjó til róðra og aðfanga þegar vörur og vistir komu með bátum, svo árhundruðum skiptir, bæði gangandi, á dráttavél og hesta kerrum, svo segja má að ekki bara (58 ára númerandi vegur) heldur hundruð ára hefð er fyrir þessum vegi.</p> <p><b>Mótmælum við því harðlega</b> að hann verði lagður niður og okkur gert að keyra c.a. 3 km. í viðbót við langa keyrslu til að komast að húsi okkar, vegna einhverra innrásar frá mönnum sem aldrei hafa verið þarna og byggja hús í óleyfi, og ættu með réttu að fjarlægja þau.“</p>	<p>Sveitafélagið Vesturbyggði ber ábyrgð á gerð deiliskipulagsins og farvegi þess.</p>
<p>„Í framhaldi af kynningarfundum sem við vorum boðuð á, af Borghildi Sturludóttir, Þórhildi Þórhallsdóttir og Birna Lárusdóttir þann 3. Júlí sl. Verðum við að segja að það á ekki að vinna þetta deiliskipulag Hvallátra og Bjartganga í góðri sátt við landeigendur, eins og þó er básúnað í öllum fjölmöldum, og einnig er skýrt tekið fram í lögum um skipulagsmál (<u>1. gr. c. að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála bannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn bótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarlíosi.</u> <u>d. að tryggja að samráð sé haft við almenning við gerð skipulagsáætlana bannig að honum sé gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð slíkra áætlana)</u> <u>og 40. gr. Gerð deiliskipulags. kynning og samráð. Þegar vinna við gerð skipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu bar sem fram kemur hvaða áherslur</u></p>	<p>Farið hefur verið að lögum varðandi kynningu og samráð á deiliskipulaginu. Skipulagslysing var auglýst í desember 2012 og tillagan auglýst 24. febrúar 2014 til 8. apríl 2014 og endurauglýst 11. apríl til 26. maí 2014 og í fylgihefti 4.2 í greinargerð með deiliskipulagi er samráðferlið rakið.</p>

<p><u>sveitarstíðn hafi við deiliskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningar og samráð við skipulagsgerðina og aðalnámsá íbúum og öðrum hagsmunaðilum.)“</u></p>	
<p>„Bara við það að segja álit okkar á bílastæðum á Bjartöngum (<b>sem við mótmælum harðlega</b>) fengum við yfir okkur þvílikan óþvera að hið hálfa væri nóg, augljóst var að okkar álit væri ekki vel þegið, frekar en mótmæli Loga Halldórssonar er hann las upp á fundinum, og var mjög vel unnið og réttlát athugasemd sem fór ekki vel í „fulltrúar einhverra landeigenda sem aldrei hefur komið fram hverjir eru“ allavega eru það ekki eigendur Sæbóls eins og margott hefur komið fram, eða fleiri landeigenda sem sumir hafa mótmælt þessum vinnubrögðum, þessir fulltrúar félagsins Bjartanga (sem hefur ekkert leyfi til að skuldbinda eða taka ákvárdanir fyrir landeigendur) sem að stórum hluta er skipað fólk sem er ekki skráðir eigendur Hvallátra og mökum þeirra, reyndu á fundinum að ljúga að, og fegra hlutina fyrir Loga. Það kom fram á fundinum að Borghildur vissi ekki hvað eigendur Hvallátra væru margir því þegar ég sagði að skráðir eigendur væru 83 skv. Fasteignaskrá þá hváði hún og sagði nú eru þeir ekki rúmlega 130. Ekki veit ég hvaðan hún hefur þessa tölu, en varla lýgur fasteignaskráin sem samkvæmt mjög nýlegum tölum sagði 83 skráðir eigendur, og auðvelt er að ná til þeirra flestra. Augljóst var að rubba átti þessum fundi af sem boðaður var í hádeginu kl. 12. á miðvikudegi 3 júlí, og fólk(margt ekki eigendur) sem augljóslega hefur verið smalað á fundinn farið að vera með pirring þegar klukkan fór að nálgast 13. Ekki var okkur boðið að koma með ábendingar hvernig við vildum sjá deiliskipulagið, eða gera athugasemdir frekar var reynt að passa uppá að við fengjum ekki að tala of mikið, ég Marías, marg það um orðið en Borghildur sem hefði játt að vera heiðarlegur fundarstjóri, passaði upp á að ég kæmist ekki að. Við skulum alveg viðurkenna það sem hún sagði á fundinum, að hún væri bara að vinna vinnuna sína, það er rétt, en hún verður þá að vinna hana skv. Lögum, þeim lögum sem við höfum bent á hér að framan, og öðrum lögum sem ég hef áður vitnað til í mótmælum mínum. Að gera hlutina í góðri sátt við eigendur ekki bara suma heldur alla það er alltaf á hennar ábyrgð, nú vitum við ekki, en vera kann að hún hafi aðrar skipanir frá Byggingarfulltrúa eða Bæjarstjórn Vesturbyggðar sem ber jú ábyrgð á deiliskipulaginu skv. lögum og hún þori ekki</p>	<p>Skjal þetta sýnir allar athugasemdir og viðbrögð við þeim athugasemendum sem borist hafa við deiliskipulagið.</p>

<p>annað en hlíða þeim til að halda vinnuni, en það afsakar ekki neitt. Í lok fundar þegar farið var að yta okkur út, þá bað ég Þórhildi um að fá útprentun af þessum teikningum sem þær voru að kynna fyrir okkur þá svaraði hún ekki eins og þegar ég bað um teikningar á fyrra fundinum í 18. Desember '12 að ég fengi þær sendar, sem var kannski jafn gott því þær bárust rétt rúmum mánuði seinna og þá frá Patreksfyrði í pósti og þá inni í skipulagslýsinguni, nei heldur sagði hún núna, að ég gæti sótt þær á heimasíðu Vesturbyggðar, þegar ég sagði að ég gæti ekki prentað þær út í svona stóru broti (A3) þá sagði hún að ég gæti tekið þær inn á mynniskubb og farið og látið prenta þær út fyrir mig. Hvílíkur dónavkapur hjá fólk sem á að vera að vinna í góðu samráði við okkur eigendur. Nei við eignum sko ekki að fá að fylgjast of mikil með í þessari pukur vinnu, og það er gjörsamlega óþolandri og ólíðandi að maður þurfi að vera leitandi út um allt í dagblöðum, heraðsfréttablöðum, útvarpi og sjónvarpi, til að fylgjast með því hvað verið er að sýsla með eigr manns. Og einnig að fréttu um ýmsa hluti í fjölmöldum um hvað einhverjar stofnanir og stjórnir sem ekkert eiga í landinu ætla að gera við það, við höfum ekki tíma né aðstæður til að hanga yfir öllum fjölmöldum til að geta fylgst með hvort verið sé að fjalla um eigr okkar og vitum því líklega ekki allt. (Það er einnig óþolandri að send eru inn mótmæli og það er ekkert tekið tillit til þeira eða rætt við fólk meðfylgjandi mótmæli við Aðalskipulag og áður send mótmæli við þetta deiliskipulag (sjá vh8og9)). <b><u>Það er skylda opinbera aðila að upplýsa fólk og leiðbeina skv. III kafla 7.gr. og IV kafla 15.gr. stjórnsvíslulaga og með það í huga. óskum við eftir að fá athent afrit af öllum athugasemendum. mótmælum og öðrum skíolum sem varða bessi mál. (slá vh 10)"</u></b></p>	
<p>„<b>Leyfi og samráð</b> Svo við snúum okkur að þessum tilögum að deiliskipulagi sem Borghildur og c/o kynntu með því að leggja blað á mitt bord fyrir framan okkur öll, og erfit var að gera sér grein fyrir á stuttum fundi sem fór að mestu í þvarg og vitleysu, þá eftir því sem okkur skilst, virðist vera skipulagt fyrir ferðapjónustuna aðallega. <b>Við mótmælum því að landið okkar sé skipulagt með ferðapjónustu í huga og ekki liggi fyrir leyfi sem þarf til að breita landbúnaðarlandi í ferðapjónustu land, leyfi þarf frá öllum skráðum eigendum. Skv. tilögumi á að færa bílastæðin á Bjartötngum en samt að hafa opíð fyrir umferð út á gamla stæðið, sem þýðir bara eitt eins og ég bentí á, á kynningarfundinum að fólk fer þangað og leggur, það vita það allir sem vilja vita, að flest</b></p>	<p>Sveitafélagið Vesturbyggði ber ábyrgð á gerð deiliskipulagsins og farvegi þess.</p>

<p>fólk nennir ekki að ganga smá spöl og keyrir þess vegna utanvega ef því er að skipta. Á þessum forsendum og fleirum sem ekki verða nefndar hér, mótmælum við þessari breitingu s.s. færsla bílastæða og nýjum göngustíg, en getum fallist á að stæðin sem eru fyrir verði stækkuð í átt að byggð og Smáhömrum.</p>	
<p><b>Péttung byggðar</b> Við mótmælum því <b>harðlega</b> að byggðin verði <b>bétt</b>, við viljum halda þessari mynd af byggðini eins og hún er í dag, mynd sem svo ótal margir ferðamenn bæði innlendir sem erlendir, sem stoppað hafa hjá okkur til að spjalla og spryra, segja að sé svo sjamerandi og gefi helminginn af þeiri ánægju að heimsækja Látrabjarg. Enda er skv. aðalskipulagi bannað að reisa nema 3 frístundahús á landbúnaðarsvæði og eru þau nú begar risin (<b>sjá vh.5.bls.34</b>)</p>	<p>Hvað þéttleika varðar er horft til þyrringarinnar í Húsabæ sem fyrirmynd en einnig standa hús á lóðum Heimabæjar og Sæbóls nokkuð þétt. Ákvæði í aðalskipulagi segja til um allt að 3 hús á hverju lögþýli.</p>
<p><b>Landstærð</b> Landið okkar er skv. jarðamerkjagrunninum c.a. 2290 hektarar, eða tæplega 23 milljón fermetra, svo við getum ekki séð þörfina á að þetta byggðina á þessum litla bletti kannski (c.a. 40 -50þús. Ferm. af öllum þessum 23 milljónum) og fá hvert húsið ofan í annað og eyðileggja þetta litla fallega þorp og þá friðsæld sem því hefur fylgt, enda er það lögleysa.</p>	<p>Við gerð deiliskipulagsins var stuðst við þau skjöl sem fundust þinglýst hjá sýslumanni.</p>
<p><b>Skipulag</b> Við leggjum til með framtíðar sýn í huga, að utar í víkini t.d. nálægt Brunnum verði skipulagður Frístundahúsa kjarni með t.d. 30 sumar húsum 10 stk á hvern jarðarhluta ekki mjög þétt byggð og byggt í gamaldags stíl bannig að möguleikar til tún eða skógræktar séu ekki eyðilagðir í þessu landbúnaðar landi (<b>sjá vh.5 bls.47</b>) Einnig mætti taka inn í skipulag einhverja byggð upp við Látravatn sunnan megin ef við erum að hugsa um skipulag frístunda svæðis til framtíðar, en ekki bara fljótfærnis deiliskipulag þar sem ákveðin öfl ætla að sölsa undir sig landið og gera að þjóðgarði til að ferðaþjónustan geti ráðskast með landið og eyðilagt það. Þá leggjum við til að gert verði ráð fyrir hótell byggingu með 100-200 herb. á Brunnum og góðri aðstöðu fyrir ferðamenn, og að einhverstaðar í víkini verði lítil hafnar aðstaða þar sem væri hægt að leggja frá, með ferðamenn undir bjarg, og eða leyfa þeim að fiska í sjónum þarna fyrir utan, eða róa kajak svo eitthvað sé nefnt. Landbúnaður og ferðamenska geta alveg farið saman þarna eins og annarstaðar. Við viljum að byggingarreitur í kringum hús okkar Sæból verði stækkaður í 120 fm. þar sem við hyggjumst í framtíðini stækka húsið sem er</p>	<p>Ekki er fyrirhugað að taka ný svæði undir byggð eða annað hótell á svæðinu.</p> <p>Heimilt er líkt og við öll núverandi hús að stækka sem nemur 3 m á allar hliðar húsa, þó aldrei meira en að hvert hús verði 95 m<sup>2</sup>.</p>

<p>einungis c.a 45. fermetrar, og jafnvel hefja búskap á jörðini, þetta er jú lögþýli en ekki neitt frístundahús, og landið er bújörð.</p>	
<p><b>Vegalagning=eyðilegging mófuglavarp.</b> Þá sjáum við ekki neitt vit í því að fara út í rándýra vegalagningu ofan byggðar, „sem er skemd á náttúruni og mófuglavarp“ og skiljum ekki þann tvískynjung sem felst í því að það þurfi að gera landið að þjóðgarði og friðlysa, til að vernda sjófuglabyggð og formynjar, þegar ætlunin er að vaða með veg yfir helsta mófuglavarp á svæðinu og gera áningastað rétt við gamla rétt sem má telja til formynja, en á því svæði sem vegurinn á að liggja verpa m.a. (<b>Rjúpa, Kjói, fjallakjói, hrossagaukur, stelkur, sendlingur, músarindill, heiðlöa, sandlöa, spói, æðakolla, stokkond, þúfutittlingur, steindepill, ódinshani</b>). Þegar ekki hefur verið hægt að halda núverandi Örligshafnar vegi í sæmilegu ástandi svo áratugum skiptir og fjöldi ferðafólks hefur verið að skemma bílana sína á hverju ári, væri nær að nota peningana í lagfæringsar á mjög slæmum vegi til eins af vinsælusta ferðamannastaðar Vestfjarða og þó viðar væri leitað. Með því að olíubera núverandi veg í gegnum byggðina sem er c.a. 700 metra kafli, má koma í veg fyrir rykfok sem er helsta vandamálið í þorpinu. Við getum ekki séð að ferðamenn truffli svo mikið fólk sem er kannski á staðnum í mesta lagi 14 daga á ári eins og flestir eru og sumir minna (fjölskyldur skipta á milli sín sameiginlegum húsum) að það þurfi að fara út í rándýrar framkvæmdir fyrir það, þetta hefur alla vega ekki truflað okkur sem erum þó meðal þeirra fáu sem eru mest á staðnum, það er bara gaman að leyfa fólk að sjá dýrðina í þessum stað. Þó svo að formaður Bjartganga G.M.G gumi af því að hann borði oft með vegamálastjóra og geti talað máli Látramanna og þrýst á um vegalagningu ofan byggðar, þá erum við alfarið á móti vinagreiðum í þessu sem og öðrum málum, þegar sýslað er með almannafé, það á ekki að líðast. Þetta eru jú skatt peningarnir okkar allra sem fara í framkvæmdir, svo maður tali nú ekki um eyðileggingu á friðlandi fugla og náttúruni.</p>	<p>Vísað er í svar við athugasemd frá Sverri Þorvaldssyni.</p>
<p><b>Tjaldstæði Brunnur</b> Ekki er hægt að láta hjá líða að mynnast á það rugl sem kom fram hjá Borghildi á kynningarfundinum að leggja þyrfti kannski niður tjaldstæðið á Brunnur þar sem fólk hefur fengið að tjalda frítt um langt árabil, ástæðan jú gefin sú, að vatnið þar væri ekki drykkjarhæft, og nú á að færa vegin yfir miðja flötina og skipuleggja aðeins 4 bílastæði, rökin nú að vegurinn megi ekki vera of nálægt forminnjum. (alltaf hægt að búa til einhverjar ástæður fyrir ruglinu og falsinu) skriftið að það</p>	<p>Vísað er í svar við athugasemd frá Kristni Guðmundssyni.</p>

<p>skuli allt í einu koma í ljós núna, eftir áratuga notkun og engin orðið veikur af því svo vitað sé. Skildi vera einhver tenging á milli þess, og að ferðapjónustan missi spón úr aski sínum? fólk hefur nefnilega sagt mér að það sé svo óheyrilega dýrt að fara á tjaldsvæði í sveitini og er bakklátt fyrir að geta tjaldað frítt þarna og ekki er hægt að segja að gestir á tjaldsvæðinu hafi ollið miklum skaða, eða að þó vegurinn liggi þar sem hann er, að fornminjar hafi verið eiðilagðar, í lang flestum tilfellum hefur verið gengið vel um. Eða skildi ástæðan vera sú að Bæjarfélagið vilji ekki (<b>sjá vh 6og7.</b>) lengur standa við pann samning sem var gerður fyrir margt löngu um að þau sæju um hreinlætisaðstöðu en við um land fyrir tjaldstæði, eða liggur kannski að baki að Bæjarfélagið vilji ekki leggja í neinn kostnað, (Bæjarstjórin hefur ekki staðið við það samkomulag sem hún gerði við stjórn Bjartanga um að stækka Rotþró á Brunnum, þó svo félagið Bjartangar léti stækka bílastæðin, án þess að fá samþykki landeigenda. (Fréttum betta við fyrirspurn Kristins Guðmundsonar á fyrrnefndum kynningarfundum) heldur bara graða á ferðamanninum samanber yfirlýsingu Bæjarstjóra (sem ætla má að sé með athygglissýki af fjölmödlafárinu á henni að dæma, og að gera sig breiða á annarra kostnað) í MBL. 15.júl. s.l. segir <b>orðrétt eftir henni:</b> Út að Látrabjargi, þar sem vegurinn endar, er bara ein leið og því óvíða jafn auðvelt að innheimta gjald af þeim sem heimsækja vilja svæðið segir Asthildur Sturludóttir. (tilv. endar). Er það kannski þetta sem hangir á spítuni, með því að vilja gera land í einkaeigu að þjóðgarði og félínu. Og síðan tekur landvörðurinn undir þetta í viðtali í fréttum þ. 9.8.13 „<u>Til skyringa: Vatnið sem er á Brunnum hefur hingað til verið talið með því besta sem er á Látrum og var mikil sött vatn í lækinn þar, áður en vatns veitan kom á svar æðið.</u>“</p>	
<p><b>Teikning Þórðar og heimatúns stærðir.</b> Hið ófullkomna riss og mælingar Þórðar Jónssonar (sem hann kom með til Reykjavíkur til að láta Daníel heitin páverandi eiganda Sæbóls skrifa undir eftir að hann var fluttur til Reykjavíkur, og gerðar voru án þess að nokkur fulltrúi frá okkar fjölskyldu væri viðstaddir þessar mælingar) en eru samt einu löglegu/þinglýstu heimildir um hvernig heimatún skiptast) er lögð ofaná loftmynd á kolrangan hátt sem stenst engann veginn, búið er að setja hús inná tvídægru (en reyndar taka aftur út á nýjustu teikningum en án þess að leiðrétt loftmynd) sem hluta af Heimabæjartúni, en tvídægra sem er eign Húsabæjar, færð í suður sem kannski skýrir hluta af því að heimabæjartún eru orðin c.a. 10</p>	<p>Við gerð deiliskipulagsins var stuðst við þau skjöl sem fundust þinglýst hjá sýslumanni.</p>

<p>púsund fermetrum stærri en okkar Sæbóls tún þó svo við eignum jafn stóra parta, og síðan það að land það sem er undir og í kringum sumarbústað þar sem Heimabær stóð er óskiptur blettur, svona vinnubrögðum</p> <p><b>mótmælum við harðlega</b> og bendum á að betra hefði verið að hafa aðila sem hafa mestra hagsmuna að gæta og vita eithvað um svæðið með í ráðum, frekar en að láta einhverja smáeigendur og eignalusa sem lítið vita segja ykkur til. <b>Þá mótmælum</b> við og véfengjum riss Þorvaldar Búasonar af túnum á svæðinu, fyrir það fyrsta þá er fjárrétt og annað land sem er í eigu allra landeigenda komið inn í Miðbæjartún, og bílastæði skipulögð, (fyrir að okkar mati ólöglegt hús við réttina), í óskiptu landi. Þá hefur Kristinn Guðmundsson, (sem við teljum að viti manna mest um túnskiptinguna Húsabæjarmegin) að riss þorvaldar standist ekki, hann sé að taka land til Miðbæjar sem þeir eiga ekki. Á þessum forsendum og þeim, að fulltrúi skipulagsstofnunar sagði við okkur að hann taldi að verið væri að byrja á öfugum enda með þetta deiliskipulag, það þyrti að koma á hreint hvernig heima jarðarpartarnir skiptast, fulltrúar eigenda þurfa að setjast niður og komast að vitrænu samkomulagi um hvernig jarðapartar eru. (sjá vh 1,4og11).</p>	
<p>Sérstaklega bendum við á að Hvallátrar eru og eiga að vera landbúnaðarjörð, þó svo VB hafi sett hana inn í aðalskipulag sem frístundabyggð án sampykjis jarðeigenda. <b>Á þessum forsendum treystum við því að Skipulagsstofnun hafni þessum deiliskipulags tillögum</b></p> <p><u><b>Við sendum inn athugasemdir og mótmæli í janúar en engin svör eða upplýsingar bárust okkur, burftum að qanga á eftir því að vita hvort bréfið hafi borist, þar sem ekki var kvittað fyrir móttöku eins og beðið var um.</b></u> <u><b>(Sjá vh.8)</b></u></p>	<p>Í aðalskipulagi eru Hvallátrar skilgreindir sem þyrring sumarhúsa en þess er ekki getið sérstaklega hvort um sé að ræða lögbýlisjarðir eða ekki. Skilgreina ber síkar þyrringar í aðalskipulagi og þar sem ekki er skráð heilsársbúseta á flestum svæðanna þá telst þetta vera frístundabyggð.</p>
<p>Við mótmælum því einnig harðlega að Bæjarstjóri, aðilar frá Umhverfisstofnun og aðrir séu að gera sig breiða á kostnað okkar eigenda, það erum við sem eignum landið og þið hafið enga heimild til að vera básuna það út í fjölmíðlum, að þið ætlid að gera það að þjóðgarði, og jafnvel að setja upp stöðumæla í landinu samanber yfirlýsingar Bæjarstjóra í mbl. 26.2.14 þar segir orðrétt “ <u>Bæjarstj VB. Telur liggja í augum uppi að í framtíðinni verði innheimt gjald fyrir afnot af bílastæðum við Látrabjarg, og jafnvel náttúruperluni sjálfrí.</u> Og aftur <u>Hún telur rétt að gera tilraunir með gjaldtöku af ferðafólki að minnsta kosti fyrir afnot af bí las tæð um.</u>” Hvað er manneskjan að fara er hún ekki með öllu mjalla. VB. á ekkert í</p>	

<p>landinu og það mun aldrei verða að þjóðgarði, því við eigendur Sæbóls og fleiri stórir og smáir eigendur eru á móti því. Enda eru engar forsendur fyrir því, eða nein þörf. Látrabjarg er þekkt um allan heim og eru að við teljum, meirihluti ferðamanna sem þangað koma erlendir, ekkert breytist við það að gera það að þjóðgarði, og síst af öllu ef það á að fara eftir þessu deiliskipulagi ykkar með allri þeirri eyðileggingu, umróti og spillingu náttúrunar, svo ekki sé mynnst á fuglalífið. Það er bara ásælni einhverra aðila að ná yfirráðum á landinu okkar og nota það sem féþúfu. Ferðamenn hafa alltaf verið og verða alltaf velkomnir fyrir okkar leiti. Að lokum <b>mótmaelum</b> við öllum breitingum á Brunnum og Bjartöngum með öllu því raski og eiðileggingu sem því fylgir, það má vel lagfæra þau mannvirki (kamra og bílastæði sem fyrir eru).</p>	
<p><b>Kostnaður Við óskum eftir því að fá upplýsingar um hvað bessi deiliskipulagsvinna er að kosta, og hver áætlaður kostnaður við fyrirhugaðar framkvæmdir eru. Hver borgar þær?</b></p>	
<p>Okkur líst þannig á málín eins og þau standa í dag að við verðum að leita réttar okkar fyrir dómstólum þar sem við teljum að brotið sé freklega á rétti okkar með samráðsleysi og yfirlangi, bess vegna ætlum við að hengja hér aftan við áður ósend bréf sem við rituðum eftir fundi/samskipti við deiliskipulags fólk og fl.</p>	<p>Hægt er að kæra deiliskipulagið en um aðild, kærufrest, málsmæðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011.</p>
<p><b>Gísli Már Gíslason, dags. 11. apríl 2014, f.h. Bjartunga, félags land- og sumarhúsaeigenda á Hvallátrum við Látrabjarg.</b></p>	
<p>Komið verði fyrir salernum fyrir ferðamenn í Keflavík.</p>	<p>Gert er ráð fyrir salerni í Keflavík.</p>
<p>Stjórnin er sammála því að heimkeyrsla að húsum á Heimabæjarlandi, Tvídægru (Húsum) og að Gilbakkanum gegnt Húsabæjum verði um Mýrarpart. Stjórnin vill að endanleg staðsetning og hönnun vegarins verði gerð í samvinnu við landeigendur og tryggt að skaði á landi og vatni (Hjalllæk) verði sem minnstur.</p>	<p>Komið verður til móts við athugasemd með færslu á vegini. Ný lega er að mestu fyrir ofan Mýrarpartinn, sjá uppdrátt S-2.</p>
<p>Gæta þarf að fornminjum áður en vegaframkvæmdir hefjast, sérstaklega á Brunnum.</p>	<p>Hugað verður sérstaklega að fornminjum við allar framkvæmdir á svæðinu, enda eru þær friðaðar skv. lögum (nr. 80/2012). Minjastofnun Íslands tekur endanlega ákvörðun um framkvæmdir sem gætu haft rask á minjum í för með sér.</p>
<p><b>Sigurður H. Valtysson fyrir hönd Systkinafélags Heimabæjar, dags. 25. maí 2014.</b></p>	

<p>Gerð er athugasemd við það að í skipulagsskilmálum tillögunnar séu kvistir ekki leyfðir á húsum. Teljum að það sé ekki ástæða til að banna kvisti sem geta vel farið saman við yfirbragð byggðarinnar. Sbr. að á Húsum eru kvistir og einnig var kvistur á gamla Heimabæ á sínum tíma.</p>	<p>Útbyggingu á þaki verða leyfðar ef fari ekki yfir 1/3 af flatamáli þaks og má ganga fram í útvegg.</p>
<p><b>Jón Pétursson, dags. 26. maí 2014.</b></p>	
<p>„Fyrirhugað er að byggja sumarhús/veiðhús eða jafnvel íbúðarhús á byggingarreit í Keflavík og verður það 75-280 fermetra auk verandar. Það verður staðsett austan við ánnu, suður og neðan við bæjarstæði sem sést fyrir. Staðsetning ákvarðast af fornmynjum á svæðinu og verða að minnsta kosti 100 metra frá friðlýstum fornmynjum eða 15 metra frá öðrum fornmynjum. Byggingarefnið verður hefðbundið, timbur, steinsteypa, járn, torf og grjót. Það verður smekklega komið fyrir í landslaginu, bílastæði vestan megin ár, og smekkleg göngubrú sem getur nýst göngufólk og þar með minkað slysahættu með því að vaða slísleipa ána. Einnig er fyrirhugað að koma fyrir þjónustuhúsi fyrir ferðamenn, austur og norður við Maðkalæk við vegslóða og snúningsplan/bílastæði. Steinsteyppt hús með hlöðnum veggjum og bárujárnsþaki og yfir þekju úr hellugrjóti. Vatnssalerni tengt við viðurkenda rotþró en frampil úr harðvið í anda uplýsingarmiðstöðvar fyrir ferðafólk á Patreksfirði“.</p>	<p>Ekki er hægt að verða við óskum um nýjan byggingarreit í Keflavík þar sem talið er að nýr byggingareitur sé of mikil breyting á deiliskipulagi sem þegar er búið að auglýsa. Í Keflavík eru margir landeigendur og tillögur um nýja byggingarreiti þar ættu að vinnast með öðrum landeigendum. Í deiliskipulaginu er ekkert sem hindrar að það verði tekið upp á nýjan leik með það í huga að gera breytingu og bæta við byggingarreitum.</p>
<p><b>Borgar Þórisson, dags. 26. maí 2014.</b></p>	
<p>„Það að steipa saman 4 Landeigendum í ein Pott og skipa til Ráðgjafar hóp af fólk sem hefur engra hagsmuni að gæta er að manni virðist bara tilraun til að gelda hina raunverulegu hagsmunaaðila og gera Þeirra Réttmætu eignaréttarvörðu hagsmuni að aukaatriði í Praxis.“</p>	<p>Myndun samráðshóps var gert til að einfalda samráðsferlið þar sem um fjölda landeigenda er að ræða. Skipaður var einn aðila sem fulltrúi hvers bæjar.</p>
<p>„Það að drottna yfir eignum fólks og gera aðila sem eiga engan Rétt á nitjum Landsins að hagsmunaraðilum svo sem ferðapjónustufyrirtæki sem eru með starfsemi útt um allar koppagrundir án þess að eiga eitt strá af Þeim sem þau bæta er fásinna“.</p>	<p>Sveitarfélagið þakkar ábendinguna.</p>
<p>„Réttur Landeigenda til að njóta eigna sinna er mjög fyrir borð borinn í þessum hugmindum og er það augljóst að ágirnd óskildra aðila er höfð í hávegum. Það eru aðeins einir hagsmunaaðilar á svæðinu. Það er Landeigendur. Þeir eiga landið og allan rétt á að níta það. Skiptist það í þessu deiliskipulagi í 4 staði og eru engir krosshagsmunir til staðar.“</p>	<p>Landeigendur komu að þessu máli frá byrjun og sitja í samráðshópi um deiliskipulagið.</p>

<p>„Breiðuvíkureigendur eiga bara Rétt í Breiðavíkulandi Hvallátræigendur eiga bara rétt í Hvallátralandi bæarbjargseigendur (öll íslenska þjóðin) í bæarbjargslandi keflavíkurlandeigendur eiga bara Rétt í Keflavíkurlandi Að troða öðrum að er bara ágirnd</p>	<p>Sjá fyrra svar.</p>
<p>„Að halda því fram að búskap (sauðfjárhald) Hafi Lokið í Breiðavíkurlandi 2011 er þrátt fyrir betri vitund dæmi um glæpsamlega yfirhildingu og léleg vinnubrögð samanber mindi teknar 19. maí 2014 af sauðfé sem skilið var þar eftir bjargarlaust til að deila þar drottni sínum.“</p>	<p>Vesturbyggð ber ábyrgð á fjallskilum.</p>
<p>„Það er röng fullirðing að fjárbúskapur hafi Lagst af með öllu þegar sauðfé gengur úti ár eftir ár og það er brot á mörgum Lagagreinum og telst til illrar meðferðar á húsdírum, sjá mindir úr Lambahlíð í Breiðavíkurlandi Þar sem má greina hrút stórsasaðan á afturfætti eftir ullanhaft.“</p>	<p>Sjá fyrra svar.</p>
<p>„Þá má benda á að þúngbærar og Réttmætar Áhiggur Birnu í Breiðuvík vegna þvagleka ferðafólks á kinningarfundi á Patreksfirði 28 Februar 2013 hafi fengið litla umfjöllun hjá hlutaðeigandi stjórnavaldi að best verður séð.“</p>	<p>Sveitarfélagið þakkar ábendinguna.</p>